
F U N D A R G E R ð

Fundur: 79. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 18. september 2002, kl. 13:00-15:00
Fundarstaður: Hitaveita Suðurnesja, Svartsengi
Fundarefni:

- 1) Staða skráningar.
- 2) Þátttaka í hópnum og kotnaðarskipting.
- 3) Frumvarp til raforkulaga og hugsanlega breytt hlutverk hópsins.
- 4) Úrvinnsla úr gögnum og stuðlar.
- 5) Gæði raforku.
- 6) Kostnaður vegna skorts.
- 7) Norrænt verkefni.
- 8) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Helga Jóhannsdóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Steingrímur Jónsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Jakob Ólafsson
Ólafur Pálsson
Egill Sigmundsson
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) Farið var yfir stöðu skráningar. Allir nema Hitaveita Suðurnesja hafa skilað inn gögnum síðasta árs. ES sagðit vera búinn að bíða eftir nýju skráningarkerfi sem kemur inn DMM viðhaldskerfið frá Softu og hefði ekki á meðan skráð inn í eldra tölvukerfi. Hann vonaðist til að það kerfi kæmist í notkun fljótlega. JV sagðist geta látið skrá inn í grunninn hjá sér ef til eru skýrslur á pappír. ES ætlar að kanna hvort það sé áhugavert. Skráningin gengur annars vel hjá öllum öðrum.

- 2) HJó rætt tillögu að kostnaðarskiptingu og kom með tillögu um að miðað við 3 kostnaðarflokka og að Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða lentu þá í miðjuflokknum. JV dreifði blaði með tillögu að slíku. Ákveðið var að útbúa fjórða flokkinn sem OV væri í og hækka efsta flokkinn um 1 prósentustig. Skiptingin er þá eftirfarandi:

Landsvirkjun	20%
Orkuveita Reykjavíkur	20%
Rafmagnsveitur ríkisins	20%
Hitaveita Suðurnesja	12,5%
Orkubú Vestfjarða	9,5%
Norðurorka	6,0%
Rafveita Reyðarfjarðar	6,0%
Selfossveitur	6,0%

JV benti á að þetta ætti einungis við um þann kostnað sem væri sameiginlegur en stór hluti af vinnunni væri við verkefni fyrir ákveðinn aðila sem væri innheimt hjá viðkomandi aðila. Allir samþykktu þetta nema KHC þarf að bera þetta undir Rúnar (JV hefur rætt við Rúnar og hann samþykkir þetta). Kostnaðarskiptingin tekur gildi um næstu áramót.

- 3) HJó sagði að hópurinn þyrfti að huga að breyttum aðstæðum með tilkomu nýrra raforkulaga. Guðmundur Valsson væri að þýða norskar reglugerðir og spurning er hvort starf hópsins verði ekki lagt til grundvallar eftirliti varðandi restrartruflanir. Ákveðið var að senda bréf til ráðuneytisins og benda á starf hópsins og að leggja mætti það til grunvallar þessara þátta. JV var falið að taka saman slíkt bréf í samráði við HJó. Einnig benti HJó á að helst þyrftu allar veitur að taka þátt í þessu starfi til að styrkja stöðu hópsins hvað þetta varðar. Einungis vantar nú Orkuveitu Húsavíkur og hefur JV rætt við þá og eru þeir að hugleiða málið en eru ekki mjög áhugasamir um það.
- 4) JV sagði að búið væri að uppfæra skýrslu um stuðla út frá gögnum síðasta árs og væri hún á heimasíðu hópsins. Fundarmenn ætla að skoða hana og koma með athugasemdir. Handbók er einnig komin á heimasíðuna með dæmum. HJó nefndi hvort ekki væri kominn tími til að útbúa nýja skýrslu frá Orkustofnun um truflanir síðustu ára enda nær síðasta skýrsla einungis til 1996. Slík skýrsla gæti náð til 10 ára tímabils. PEP benti á að áhugavert gæti verið fyrir Orkustofnun að skila af sér slíkri skýrslu áður en að skil verða hvað þetta varðar og Löggildingarstofan tekur við eftirliti með þessum þáttum. ES spurði

hvort menn teldu vera þörf fyrir slíka skýrslu. Ef slík skýrsla væri gerð vildi hann að gögn frá Hitaveitu Suðurnesja næðu yfir allt tímabilið. ÓP ætlar að kanna hvort Orkustofnun gæti tekið saman slíka skýrslu á næstu mánuðum. JV mun láta vita þegar gögn verða tilbúin frá Hitaveitu Suðurnesja.

- 5) HJó spurði hvort menn teldu að hópurinn ætti að fjalla einnig um gæði raforku eins og rætt hefur verið áður á fundum hópsins. Hún taldi það passa vel hvað varðar Landsvirkjun þar sem það félli einnig á hennar starfssvið. Ákveðið var að fundarmenn kanni það innan sinna fyrirtækja hvort fela ætti hópnum þetta viðfangsefni og að ákvörðun liggi fyrir á næsta fundi.
- 6) JV spurði hvort hópurinn ætti að uppfæra tölur um kostnað vegna skorts þar sem þær væru komnar til ára sinna og nefnt hefði verið að uppfæra þær á hverju ári. Ákveðið var að biðja með það fram á næsta ár auk þess sem spurning væri hvort Orkustofnun mundi taka yfir að halda utanum þær tölur. ÓP ætlar að ræða um það við Þorkel Helgason. PEP lagði til að Þorkell yrði fenginn á næsta fund hópsins.
- 7) HJó kynnti norrænt verkefni sem er að fara af stað að frumkvæði Norðmanna (SINTEF) og okkur hefur verið boðin þátttaka í. Hún sagði að Landsvirkjun hefði ekki áhug á að taka þátt í þessu enda tengdist það betur dreifiveitunum og spurning hvort Orkuveita Reykjavíkur eða Rafmagnsveitur ríkisins vildi taka þátt í því. Norðmenn hefðu gefið upp að þátttaka okkar í kostnaði verkefnisins gæti numið 100.000 Nkr. að lágmarki. Fá þyrfti svar fljótlega til að hægt væri að svara þessari málaleitan.
- 8) Rætt var um fund með skráningaraðilum sem talað var um á 77. fundi. Ákveðið var að miða við að halda hann um leið og Rarik verður með fund með sínum skráningaraðilum í janúar eða febrúar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur 20. nóvember 2002 hjá Orkustofnun.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Tölur með tillögu að skiptingu kotnaðar. (JV)

Upplýsingar um norrænt verkefni (Optimalisering av leveringspálitelighet i kraftnett (OPAL). (HJó)